



## Akstursíþróttasamband Íslands

### Stjórnarfundur - 18.11.2014

Stjórnarfundur Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) haldinn í B sal ÍSÍ Íþróttamiðstöðinni Laugardal þann 18. nóvember 2014 kl. 16:00

#### Mætt:

Guðbergur Reynisson (GR), Tryggvi M Þórðarson (TMP), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Ragnar Róbertsson (RR), Gunnar Bjarnason (GB), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

#### Ekki mætt:

Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Þórður Bragason (ÞB), Gunnar Hjálmarsson (GH)

#### 1. Tryggingamál #409

Funduðum með Sveini Segatta sem er tryggingaráðgjafi. Áhugavert ef hægt er að tryggja í púllíu, bæði keppnistæki og keppnir. Taka frá tveimur hliðum í einu, tryggingarsölu og reglugerð.

Tryggvi hitti tvo lögfræðinga á föstudaginn.

Athuga 88. og 92. grein umferðarlaga.

Spurning hvort við komum þessum málum í vinnuhóp umferðarráðs.

#### 2. Formannafundur ÍSÍ #439

Ríkisstyrkir til ÍSÍ eru um 85 milljónir á ári.

Umsóknir 2014 í ferðasjóð ÍSÍ voru um 430 milljónir en úthlutað 67 Milljónum.

Flugfargjöld FÍ hækka 2015 um 3%.

Árþing ÍSÍ verður 17-18 apríl í Gullhömrum Grafarholti.

Rekstur Íþróttahreyfingarinnar á Íslandi er ca 17,2 milljarðar á ári.

Helstu útgjöld Íþróttahreyfingarinnar eru vegna launa og ferðakostnaðar.

Íþróttamaður ársins 2014 verður útnefndur í Gullhömrum 3. jan 2015.

Sérsamböndin fá um 31% af Lottóinu.

Af öllum sérsamböndunum er AKÍS með lægsta hlutfall af kvenkyns félögum.

ÞA fer yfir í Felix og skoðar hvernig stendur á þessum síðasta punkti.

#### 3. Umferðarráð #434

Einföldun á Reglugerð vegna Akstursíþróttar, sérstaklega vegna tryggingamála.

##### **Stofnaður verði starfshópur vegna liðurinn : Hraðakstur**

Í starfshópnum verði aðilar frá Innanríkisráðuneyti, Vegagerðinni, Umferðarstofu, Samtökum Fjármálafyrirtækja, Lögreglu, Viðskiptaráðuneyti og Akstursíþróttasambandi Íslands.

Auðveldara sé fyrir unga sem aldna að fá útrás fyrir hraðakstur á lokuðum svæðum undir eftirliti reyndra starfsmanna sem hafa öryggi ökumanna í huga.

Of flókið virðist vera að fá sérstakt leyfi frá tryggingafélögum til þess að taka þátt í keppni eða æfa og virðast sérstaklega ungir ökumenn frekar leita að útrás fyrir hraðakstur inni íbúðarhverfum.



## Akstursíþróttasamband Íslands

Unnið verði að skráningu sérstakra keppnissvæða sem séu undanskilin umferðarlögum og þar væri hægt að auglýsa opna daga fyrir ökumenn sem vantar útrás, þar með ætti hraðakstur á götum að minnka eða jafnvel verða að engu.

### **Stofnaður verði starfshópur vegna liðurinn : Fræðsla í Grunnskólum**

Í starfshópnum verði aðilar frá Innanríkisráðuneyti, Sveitarfélögum, Ökukennurum, Umferðarstofu, Samtökum Fjármálafyrirtækja, Menntamálaráðuneyti, Lögreglu og Akstursíþróttasambandi Íslands.

Unnið verði kennsluefni til þess að kenna nemendum í 6 ára bekk og uppúr umferðarreglur með bóklegu og verklegu námi, í lok hvers árs verði svo keppni í kassabílaralli, sem Akstursíþróttasamband Íslands stendur fyrir.

Reyndir Akstursíþróttamenn og Íslandsmeistarar AKÍS myndu miðla af reynslu sinni.

Til lengri tíma stuðlar þetta að betri og meiri vitund grunnskóla barna á alvarleika bílaumferðar og verða því börnin okkar orðin þaulreynd áður en kemur að bílprófsaldri.

### **4. Ársþing FIA #433**

Keppnisdagatal – Rally Reykjavík ætti að vera inni.

Alþjóðleg ungmennaskírteini - 15+ mega fá skírteini.

### **5. AÍH Deiliskipulag #440**

Með tilvísun til samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá því 1. október 2014, um auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fyrir svæði Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar (AÍH) við Krýsuvíkurveg og í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vill Akstursíþróttasamband Íslands (AKÍS) koma eftirfarandi á framfæri.

AKÍS, sem fer með atkvæði Íslands hjá Alþjóðaakstursíþróttasambandinu, Fédération Internationale de l'Automobile (FIA), fagnar því ávallt þegar aðildarfélag innan þess raða ræðst í uppbyggingu athafnasvæðis síns, enda mikil þörf á að styrkja og stækka aðstöðu fyrir akstursíþróttir.

AÍH hefur sótt ráð og athugasemdir til AKÍS varðandi uppbyggingu og endurbætur á akstursíþróttasvæðinu við Krýsuvíkurveg. Miðað við þær teikningar og uppdrætti sem fyrir liggja, mun svæðið verða samkvæmt kröfum sem gerðar eru til keppnis- og æfingasvæða akstursíþróttar.

Það er von AKÍS að áður nefnt deiliskipulag verði samþykkt.

**+Samþykkt að ÞA sendi á Hafnarfjarðarbæ.**

### **6. Uppgjör LÍA #402**

Málið rætt.

TMP lagði fram drög að samningi.

### **7. Önnur mál**

+Dagatal tilbúið á vefinn. Flugbjörgunarsveitin á Hellu ætlar að halda mót. Rætt um að setja B-aðild í lög AKÍS.

+MSÍ – rætt um að skipta á skrifstofum. ÞA fær upplýsingar um leigukostnað.

+MSÍ – rætt um sameiginlegt lokahóf.

+Torfærunámskeið verður haldið um næstu helgi. Stjórn AKÍS samþykkir reglur um Götubíla til samræmis við það sem keppnisráð lagði fram.



## **Akstursíþróttasamband Íslands**

+Áfengisauðglýsingar eru áberandi, líka á keppnisbílum. Áfengisauðglýsingar eru bannaðar.

Næstu fundur verður vinnufundur 16.12.2014.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið um kl. 18:00

Prándur Arnþórsson